

Nefndasvið Alþingis  
Félagsmálanefnd  
b/t Selmu Hafliðadóttur, nefndarritara  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík



Reykjavík, 3. maí 2006.

### **Efni: Frumvarp til laga um atvinnuleysistryggingar (742. mál)**

Viðskiptaráð þakkar nefndinni það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem ætlað er að leysa af hólmi núgildandi lög um atvinnuleysistryggingar nr. 12/1997.

Í 3. mgr. 9. gr. frumvarpsins segir að skattayfirvöld, Tryggingastofnun, Innheimtustofnun sveitarfélaga og lífeyrissjóðir skuli láta Vinnumálastofnun í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd laga þessara. Rétt er að hvetja löggjafann til að stíga létt til jarðar þegar hann leggur skyldu á aðila til að veita þriðja manni aðgang að viðkvæmum persónuupplýsingum. Í þessu tilviki verður að teljast eðlilegt að Vinnumálastofnun fái upplýsingar um tekjur manna frá skattayfirvöldum, Tryggingastofnun og lífeyrissjóðum en þar sem Innheimtustofnun annast aðeins innheimtu meðlags en ekki greiðslu þess skv. lögum nr. 54/1971 er vandséð hvaða upplýsingar Vinnumálastofnun þarf að fá frá stofnuninni.

Í 32. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um að atvinnuleysisbætur skuli vera tekjutengdar. Viðskiptaráð telur að það sé ekki hlutverk hins opinbera að tryggja fólki að það geti notið lífsstíls sem það hefur tileinkað sér heldur að tryggja því lágmarks lífsviðurværi. Það má ekki vera ábátasamt fyrir fólk að þiggja atvinnuleysisbætur í stað þess að vera á vinnumarkaði. Því telur ráðið eðlilegast að allir njóti sömu atvinnuleysisbóta óháð tekjum. Fjárhæð slíkra ætti að tryggja öllum mannsæmandi líf með lágmarks lífsviðurværi.

**Viðskiptaráð leggur til að orðið „...Innheimtustofnun sveitarfélaga...“ falli brott í 3. mgr. 9. gr. frumvarpsins og að allir njóti fái jafn háar atvinnuleysisbætur en gerir að öðru leyti ekki athugasemd við frumvarpið.**

Virðingarfyllst,  
f.h. Viðskiptaráðs Íslands,

---

Davíð Þorláksson